



**Upplýsingar fyrir úrslitakeppnir 2013-2014**



## Félagatal á kki.is

Félög eiga að uppfæra félagatal sitt á kki.is. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir alla sem starfa í hreyfingunni og fyrir félög að aðgengi að upplýsingum sé sem best. Félagatalið er mikið notað í öllu starfi, hvort sem er af skrifstofu KKÍ eða milli félaga t.d í kringum mótahald yngri flokka og gott að hafa upplýsingar um þjálfara, símanúmer, netföng rétt skráð. Dæmi eru um að félagatöl hafi ekki verið uppfærð í 2 ár!

Félagatalið er uppfært á [www.kki.is/felagatal.asp](http://www.kki.is/felagatal.asp) og fást aðgangsupplýsingar á skrifstofu KKÍ ef þær vantar. Mjög einfalt er að breyta og bæta við upplýsingum.

## Umgjörð á heimaleikjum í Domino's deildum karla og kvenna

Félög sjá til þess að umgjörð leikja sé í öllu eftir þeim reglum sem KKÍ setur fyrir leiktíðina.

Félög í Domino's deildum tilnefni ákveðinn aðila sem verður nefndur ábyrgðarmaður / fjölmiðlafulltrúi fyrir heimaleiki síns félags.

## Hlutverk ábyrgðarmanns

Þessi aðili verði mættur **45 mín.** fyrir leik

- Hann gefur sig fram við dómara leiksins og eftirlitsmann þegar það á við þegar þeir mæta til leiks
- Sér til þess að dómara fái sér búningaklefa þar sem er sturta, salerni og aðstaða hrein og til fyrirmyndar

## Fjölmiðlafulltrúi og hlutverk hans:

- Gefa sig fram við fjölmiðlamenn. Sjá til þess að fjölmiðlar fái það sem þá vantar Passa upp á aðstöðu og hugsa vel um þá.
- Aðstoða fjölmiðla við að ná viðtölum við leikmenn og þjálfara beggja liða strax eftir leiki.
- Passa upp á að gardínan sé alltaf fyrir aftan í öllum sjónvarpsviðtölum, fyrir og eftir leik og öðrum viðtölum sé það mörgulegt. Allra hagur með gardínu þar sem lógó samstarfsaðila eru einnig með.
- **Passa upp á að starfsmenn Stöðvar 2 Sport** fái forgang í viðtöl þegar leikir eru í beinum útsendingum, alls ekki gott að þurfa að bíða í beinni útsendingu eftir viðmælanda. Ykkar fulltrúi hefur fulla heimild til að vinna eftir þessu og á að gera það. Þetta á við fyrir leik, á meðan á leik stendur og eftir að leik lýkur.

## Ritaraborð

- Félög skulu tryggja að á ritaraborði starfi hæft starfsfólk og að forsvarsmáður ritaraborðs á leikjum í Domino's deildum karla og kvenna og 1.deildum karla og kvenna sé a.m.k. 18 ára eða eldri. Höfum í huga að því minna sem dómara leiksins þurfa að skipta sér að ritaraborði þeim mun betri verður dómgæslan
- Starfsmenn á ritaraborði skulu mæta eigi síðar en **30 mín.** fyrir leik.

## Flöggun fyrir leik

- Fyrir alla leiki í Domino's deildum karla og kvenna skal flagga fána KKÍ og Domino's utandyra. Fyrir leiki í öðrum deildum og flokkum skal flagga KKÍ fánanum. Fánar eru til hjá KKÍ ef þá vantar.

## Nettenging / Tölfræði

- Nettenging þarf að vera til staðar fyrir tölfræði og fjölmiðla
- Tölfræði í öllum leikjum í Domino's deildum karla og kvenna og 1.d. karla er send út beint á tölfræðivef sambandsins.
- Athygli skal vakin á því að KKÍ er heimilt að ákveða með hvaða hætti tölfræði er tekin og hefur verið ákveðið að þessi háttur verði hafður á við að halda utan um tölfræðina eins og undanfarin ár.
- Ef tenging dettur niður getur viðkomandi tölfræði-skrásetjari haldið áfram að taka tölfræðina í kerfinu og sendir svo strax að leik loknum skrána (logfile) á [kki@kki.is](mailto:kki@kki.is). Með þessu móti skilast tölfræðin inn í gagnagrunninn.
- Félög sjái til þess að það sé prentari svo hægt sé að prenta út tölfræði eftir hvern leikhluta fyrir hvort félag og fjölmiðla.

## Rétta lógóið til að nota í postera / leikskrár er hér fyrir neðan:

Passa upp á að nota rétta lógóið.

[http://www.kki.is/logo\\_lida/dominosdeildin\\_stort.jpg](http://www.kki.is/logo_lida/dominosdeildin_stort.jpg)

[http://www.kki.is/logo\\_lida/dominosdeildin.pdf](http://www.kki.is/logo_lida/dominosdeildin.pdf)

## Heimasíða og önnur mikilvæg atriði

Félög skulu halda úti virkri heimasíðu, þar sem fram koma upplýsingar um félagið og starfsemi þess, þ.m.t.:

- Upplýsingar um stjórn deildarinnar
- Upplýsingar um leikmenn í meistaraflokki
- Upplýsingar um æfingátíma yngri flokka og alla þjálfara deildarinnar
- Upplýsingar um leikdaga
- Fréttasíða með reglulegum fréttum úr starfi félagsins
- Auglýsa heimaleiki og nota nöfn þeirrar keppni sem við á hverju sinni
- Félög skulu mæta til fjölmiðlafundar, t.d. við opnun Úrvalsdeilda hvert ár, svo og við upphaf úrslitakeppni þar sem fulltrúar stjórnar félagsins, þjálfari og a.m.k. einn leikmaður mæti í keppnisbúningi fyrir myndatökur sé þess óskað
- Félög skulu mæta til fjölmiðlafundar þegar dregið er í 8-liða og 4-liða úrslit bikarkeppna ásamt því þegar fundur er fyrir úrslitaleiki bikarkeppninnar

## Yngri flokkar


- Passa upp á að nóg sé til af leikskýrslum [ á einnig við um meistaraflokka ] og umslögum. Muna að panta með fyrirvara á skrifstofu KKÍ
- Skila þarf leikskýrslum strax eftir fjöliliðamót og deildarleiki yngri flokka eða innan fjögurra virkra daga
- Úrslitum úr fjöliliðamótum skal skilað rafrænt strax að móti loknu á Baskethotel
- Úrslitum úr einstökum deildarleikjum skal skilað rafrænt strax að leikjum loknum inn á Baskethotel

## Aðgangskort KKÍ 2013-2014 (leikmannakort svört gilda ekki á úrslitakeppnina)

Aðgangskort KKÍ á þessu tímabili líta svona út eins og sést hér fyrir neðan. Engin eldri kort gilda frá fyrri árum eða aðrar útgáfur eftir formannafund í haust. Kortin eru númeruð og gilda eingöngu fyrir handhafa. Ef kortið gildir fyrir fleiri er það eingöngu fyrir handhafa + einn gest með honum.

Tekið er fram að sýna þurfi skilríki sé þess óskað og er dyravörðum heimilt að óska þess á hverjum leikstað eins og þurfa þykir.





Skilti á leikjum:

### Stuttbuxur Domino's deildar liða:

Logo Domino's deildarinnar á að vera á öllum stuttbuxum liða í úrvalsdeildum karla og kvenna. Logo-ið er að finna á [kki.is/logofelaga.asp](http://kki.is/logofelaga.asp) í vector formi fyrir prent auk allra merkja félaga fyrir t.d leikskrár og annað auglýsingaefni.



### Viðtalsgardína

Passa upp á að öll sjónvarpsviðtöl og/eða netmiðlaviðtöl séu tekin með gardínuna í bakgrunni. Hvert félag fær gardínu með sínum styrktaraðilum á auk merki félags og Domino's. [Sýnishorn af gardínu ÍR]



## LEIKIR

**NAUÐSYNLEGT:** Taka verður niður upplýsingar [ nafn, kennitölu og síma] hjá þeim sem vinna kassakastið. Allir sigurvegarar kassakastsins fara í pott og verður einn heppinn þátttakandi dregin út í lok úrslitakeppna Domino's deildanna og vinnur hann ársbirgðir af Domino's pizzum [52 pizzur].

### **Miðjuskot Domino's (milli leikhluta leikur)**

- > Verður í öllum leikjum í úrslitakeppnum karla og kvenna
- > Samtals fá 4 að spreyta sig í hverjum leik, á milli leikhluta [1. og 2. og 3. og 4.] eins og áður
- > Sendum líka bolta þeim megin sem áhorfendur andstæðinga eru, ef öll félög gera þetta þá fá alltaf heimamen og gestir að spreyta sig sem er jákvæð upplifun allra
- > Fullorðnir [ 14 ára og eldri ] skjóta frá miðju en börn [13 ára og yngri] og konur [ ekki leikmenn í efstu deildum ] fá að skjóta frá 3-stiga línunni.
- > Í verðlaun eru ársbirgðir af Domino's Pizzum [52 Pizzur]

Takið niður upplýsingar [ nafn og kennitölu ] um þá sem hitta og munið einnig að taka mynd af viðkomandi til að setja á heimasíðuna ykkar og sendið svo þessar upplýsingar ásamt mynd á [kki@kki.is](mailto:kki@kki.is).

Muna að Domino's deildar skiltið sé í sjónvarpshorni á öllum leikjum.

### **Kassakast Domino's (hálfleiks leikur)**

- > Verður í öllum leikjum í úrslitakeppnum karla og kvenna
- > Sex [6] aðilar fá að reyna sig í hverjum leik. Heimalið velur þátttakendur þrjá [3] úr stuðningshópi hvors liðs. Þátttakendur fá Domino's disk sem aðgöngumiða. KKÍ skaffar þessa diska en þeir eru merktir með KKÍ stimpli. Allir þátttakendur stilla sér upp í röð frá toppi þriggja-stiga línunnar [sjá mynd í viðhengi] með kassa í hönd. Sá yngsti byrjar og svo koll af kolli þar til allir sex eru búnir. Ekki á að taka upp kassana fyrr en allir hafa kastað.
- > Stilla á upp bolta á miðjunni og reyna því þátttakendur að kasta sem næst honum. Miðað er við að boltinn sé á miðjupunkti miðjulínunnar. Þannig að ef boltinn hreyfist úr stað þegar kassa er kastað er sá sem á kassann sem næst miðjupunktunum sigurvegari.
- > Sá sem er næst vinnur gjafabréf frá Domino's. Gjafabréfin verður kominn til ykkar fyrir leik og verða því afhent í hverjum leik.
- > Öll lið fá pizzakassa Domino's frá KKÍ til að nota á heimaleikjum.